Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfa- og málasafn 1955

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Dómsmálaráðherra – Menntamálaráðherra – Bréf – Símskeyti – Eiríkur Benedikz – Gunnar Bjarnason – Hörður Bjarnason – Brynjólfur Sigurðsson – Eysteinn Jónsson – Jónas Þorbergsson – Kristján Albertsson – Sigurður Samúelsson – Sigursteinn Magnússon – Stefán Snævarr – Tómas Jónsson – Vald. V. Snævarr – Þorsteinn Jónsson – Þórarinn Björnsson – (?) Jónsson – Kínverska æskulýðnefndin – Sakadómur Reykjavíkur – Daily telegraph

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-19, Örk 1

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Gunnar Bjarnason

kennari

Ráðunautur Bfl. Ísl. í Hrossarækt

Prívat

Hvanneyri, 25/3, 1955.

Hr. Bjarni Benediktsson, dómsmrh.

Góði vinur.

Ég er þér stórlega þakklátur fyrir tök þín á Blöndalsmálinu. Ég varð svo hrifinn, þegar ég las ræðu þína í Mbl. 23. þ. m., að því fá ekki orð lýst. Ég dáist að framkomu þinni í málinu og ræðunni. Þú hefur vaxið í allra áliti, og flokkurinn mun vaxa að sama skapi.

Málið var á allra vörum, og Jónas á hugi fólksins, hvernig sem hans hlutur kann að verða að lokum. En fólkið sér margar hliðar á málum, þegar það fer að velta þeim fyrir sér. Menn efast ekki um aðild Hermanns, og það er óbifanleg trú manna, að hann hafi lengi átt í fyrirtækinu. Þegar smiður okkar hér, skýr náungi, hafði lesið frásögn af framburði Jóns Guðmundssonar endurskoðanda, þá sagði hann, að leynda bókhaldið gæti falið fleira en upphæðir fjár, sjálfsagt væru þar einnig mörg leynd nöfn.

Varla hefur nokkurt mál vakið eins óskipta athygli fólks hér um slóðir síðan ég kom hingað, og það mun verða nákvæmlega fylgst með gangi málsins. Pólitísk þýðing málsins getur orðið mikilvæg.

Bændur sumir eru stórhneykslaðir og reiðir Búnaðarbankanum. Margir þeirra hafa fengið neitun um smávíxla hjá Hilmari. "Þarna ávaxtaði hann féð", segja þeir. Þeir hlægja að tilraun Jónasar til að hreinsa Hilmar, og Pétur á Fossum kom með þá athugasemd við ummælum Hilmars, að lána þyrfti sparifé bankans til Reykvíkinga, þar sem spariféð væri þaðan að mestu komið,- að varla fengju þeir lánin, sem ávöxtuðu spariféð, svo að ekki væri hann að þóknast þeim. Bændur þurfa oft víxlalán, t.d. við fjárskiptin og vélakaup.

Við þurfum í blöðum okkar að vera alveg ófeimnir við málið og hispurslausir, en halda ~~þeim~~ striki þínu að beita varkárni og réttsýni. Við verðum, eða þú verður tortryggður um hlífð við okkar flokksmenn af andstæðingum, enda er svo mjög stundað að breiða það út.

Væri ekki hægt að flétta rannsókn á merarblóðsmálinu gamla inn í þetta. Ég var við það riðinn, og það hefur orðið mér erfitt að sætta mig við gang þess máls. Mann langar ekki til að standa í skítmokstri og hreinsa til í skítugum málum. Mér mundi því létta, ef unnt væri að hreinsa þar til um leið, veit þó ekki, hvort þessi pési Jónasar gefur nægilegt tilefni til þess.

Nú höfum við í tilraunaráði lokið við athugasemdir okkar við bréfi Björns Sigurbjörnssonar. Þegar þú kynnir þér allt það mál, þá muntu sjá, að núverandi aðilar geta trauðla leyst það. Mér hefur dottið í hug, hvort ekki væri heppilegt að fá nýjan aðila til að gera tillögur í málinu, nýja nefnd, og þá hafa mér dottið í hug þessir menn: Níels Dungal, Páll Pálsson, dýral. á Keldum og Ólafur Stefánsson, nautgriparæktarráðunautur. Þá væri einn aðili frá læknadeild, einn frá Keldum og einn frá landbúnaðinum.

Síðasta bréf okkar um málið, sem við vorum að ganga frá, verður sent ráðuneytinu einhvern næstu daga.

Blessaður. Þinn einl.

Gunnar Bjarnason

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

GUNNAR BJARNASON

Hvanneyri pr. Borgarnes
(Símstöð: Hvanneyri)

Kennari við Bændaskólann á Hvanneyri
(Lecturer of Animal Husbandry in The Agric. College of Hvanneyri)

Ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í hrossarækt
(Director of the Horsebreeding in Iceland and the Studbook for Icel. Horses)

Hvanneyri, 29/5, 1955.

Góði vinur.

Ég er hér með titrandi glímuskjálft annað veifið og blóðlangar ~~xxxxxxxxxxx~~ í tuskið. Að vera svona aðgerðarlaus er nærri því meiri áreynsla á taugarnar en að vera í framboði. Við erum nú raunar vongóðir hér með báða Pétrana, en ~~raunar~~ það er ómögulegt að átta sig á, hvernig málin standa. Það er óeðlileg og tilbúin bjartsýni í ýmsum Framsóknarmönnum. Ég veit ekki, hvað þeir meina með því, hvort það er blekkingarleikur eða barnaskapur. Það varð mikill spenningur út af kærunni. Ég held það hafi verið betra að dómurinn féll, eins og hann féll. Þeir hefðu fengið með sér samúð, ef bandalagið hefði verið dæmt þeim ólöglegt. Mér líkar Mbl. vel. Það er hitalaust og rakasterkt. Ég held við ættum að halda okkur rólegum og rökföstum út í gegn og forðast allar illdeilur út af kaupfélögunum. Tíminn er bandalaginu ekki jákvæður, allt of plebeiískur. Það er ágætt.

Mér hefur dottið í hug, að eins og málin standa nú, þá gæti það haft góð áhrif fyrir pólitík okkar að gefa í skyn, að við gætum hugsað okkur að beita okkur fyrir "þjóðstjórn" eftir kosningar. Framsóknarmönnum fellur sumum illa við yfirlýsingarnar frá Eysteini og fl. að ekki verði undir neinum kringumstæðum unnið með okkur áfram eftir kosningar. Við þetta er nokkur ótti og óþægileg tilhugsun, því að þeir verða að gera sér grein fyrir, hvað gera skuli, ef þeir tapa eða vinna of lítið. Við getum heldur ekki sagt, að við hyggjumst vinna aðeins með flokki, sem ekki vill tala við okkur. Menn velta því hins vegar nokkuð fyrir sér, hvað verða muni eftir kosningar við ýmsar hugsanlegar aðstæður. Ég held það gæti ~~það gæti~~ bætt fyrir okkur, ef við sýndum, að við séum þegar farnir að ráðgera um lausn á væntanlegri pólitískri flækju, sem flestir gera ráð fyrir að verði eftir kosningar.

Annað vildi ég ræða við þig. Bráðum mun eiga að veita stöðu raf-verkfræðings hjá Útvarpinu. Mér er sagt þú munir veita hana. Stefán bróðir minn er þar umsækjandi. Hann er ágætur Sjálfstm og, að ég held, dugandi verkfræðingur, rólegur maður og samvizkusamur. Hann var einusinni hjá landsímanum, síðar hjá Raforkumálastjóra, en er nú við framkvæmdir á Keflavík. Hann bað mig að leggja með sér orð við þig. Það mundi gleðja hinn stóra fjölskylduhóp minn, foreldra, sem er allstór og 95 % Sjálfstf., ef þú veittir Stefáni stöðuna, en hins vegar er mér ókunnugt um, hvernig liggur í málinu, og hvort annað er þegar ákveðið, svo að ég er ekki með neinar hótanir eða ofsa út af þessu!!! - Ég hef þá með bréfi þessu gert bróður mínum sjálfsagðan greiða, og ég veit, að línur þessar spilla ekki fyrir honum.

Heilsaðu konu þinni og kunningjum.

Blessaður, Gunnar Bjarnason

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftirrit

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 21. nóv. 1955
ÁP/þb.

Db. F - 23.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1956 hafa verið gerðar miklar breytingar til lækkunar á tillögum þessa ráðuneytis um fjárveitingar til menntamála.

Vegna þessa vill ráðuneytið benda á, að tillögur þess eru að sjálfsögðu gerðar að lokinni nákvæmri athugun á fjárþörf stofnana þeirra, sem í hlut eiga, og var svo sem skylt er, ætíð við það miðað í tillögunum að unnt væri að standa undir allra nauðsynlegustu rekstursútgjöldum eða eftir atvikum þeirri fjárfestingu, sem óhjákvæmilegt er að leggja í. Þess skal hér þó getið, að tillögurnar um fjárfestingu til skólabygginga, hafa verið lækkaðar með samþykki ráðuneytisins, enda þótt full þörf hafi verið á þeim, svo sem þær voru áætlaðar upphaflega, en á hinn bóginn hafa rekstrarliðirnir verið lækkaðir án samþykkis ráðuneytisins. Skýrsla sú, sem hér fylgir með sýnir tillögur menntamálaráðuneytisins eins og þær voru áður en þeim var breytt, og sem byggðar voru á því, að með minna fé yrði eigi af komizt.

Jafnframt sendist skýrsla um þær fjárveitingar, sem ráðuneytið telur óhjákvæmilegt að hækka á ný.

(sign) Bjarni Benediktsson.

(sign) Ásgeir Pétursson.

Til

fjárveitinganefndar Alþingis,

A l þ i n g i .

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

........................

2) Til íþróttasjóðs ............................ kr. 1.500.000

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Icelandic Legation
17, Buckingham Gate
London, S.W.1.
TELEPHONE: VICTORIA 5337-8

26/9/1955.

Góði vinur,

ég sendi þér hér með eintak af "hvít-bók" sem Foreign Office hefir gefið út vegna árása sem hún hefir orðið fyrir af hálfu blaða hér í sambandi við hvarf þeirra kumpánanna Donald McLean og Guy Burgess.

Beggja flokka blöð hafa gert lítið úr vörn F.O. í þessu máli.

Bestu kveðjur,

þinn einl.

Eiríkur Benedikz.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík,25.okt.55.

Kæri vinur,

Ég hefi þurft að vera heima við nú í tvo daga vegna einhverrar bakteríu,sem mér hefir tekist að næla mér í,og er búist við því að hún dveljist í mér og hjá frameftir þessarri viku.

Vildi ég samt ekki láta hjá líða,að tilkynna þér um úrslit þess máls,er þú baðst mig athuga í skipulagsnefnd,vegna hugsanlegra bygginga við neðanvert Bankastræti.

Tók ég málið upp á fundi samvinnunefndar um skipulagsmál,s.l. mánudag,og lagði fram lauslegan uppdrátt með þeirri tillögu að byggingarlína yrði ákveðin milli Bankastrætis og Hverfisgötu,því sem næst,þar sem núverandi lóðamörk Herbertsprents eru.

Eftir nokkrar umræður var nefndin sammála um að eðlilegt og nauðsynlegt væri að byggja upp á þessu svæði,sem svo mjög blasir við miðbænum,og er einsog nú,til mikilla lýta.

Var samþykkt af nefndinni að leggja til við bæjarráð,<u>að framangreind húsalína á þessu svæði yrði ákveðin,og uppdrættir gerðir að framtíðarskipulagi húsa á allri lengjunni milli gatna.</u>

Í því sambandi vildi ég mega benda þér á það,að um þrjá aðila verður að ræða,sem hafa þurfa samstarf um hagnýtingu svæðisins og uppdrætti,en það eru auk Herbertsprents, Stjórnarráðið og heildverzl. Garðars Gíslasonar. Tel ég engan vafa á því,að bæjarráð muni fyrir sitt leyti fallast á þessa tillögu,og því æskilegt ef unt væri hið fyrsta að fá sameiginlegar umræður um málið milli þeirra þriggja aðila,er hlut eiga að því.

Þurfir þú að ná af mér tali og frekari skýringum,þá vildi ég mega biðja þig um að hringja heim til mín þegar þér þóknast.

Þinn einlægur,

Hörður Bjarnason

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Reikningsyfirlit pr. 19. apríl 1955.

A. Hlaupareikningur í Útvegsbanka Íslands:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1) Bankareikningur | debet | 388.500.- | Kredit | 377.602.57 |
| 2) Sjóðsreikningur | -"- | 169.729.30 | -"- | 169.551.14 |
| 3) Viðskmannareikn. | -"- | 546.653.71 | -"- | 0.00 |
| 4) Lánardrottnar | -"- | 0.00 | -"- | 386.290.04 |
| 5) Einkareikn. | -"- | 500.- | -"- | 171.939.26 |
| | | Debet:1.105.383.01 | | Kredit:1.105.383.01 |

a) Mismunur á debethlið og kredithlið bankareiknings er kr. 10.897.43, sem sýnir innistæðu í bankanum 19. apríl .

b) Skuld Bj. Ben. við Útvegsbankann 19. apríl er kr. 239.102.57.

c) Samtals hefur byggingarkostn. 19. apríl orðið kr. 546.653.71

Sá kostnaður hefur verið greiddur af þessum aðilum:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Bjarni Benediktsson | Kr. | 138.500.- |
| 2. Útvegsbanki Íslands | " | 239.102.57 |
| 3. Úr spsj.bók nr.11425 | " | 29.439.26 |
| 4. - " - nr.12414 | " | 4.000.- |
| 5. Af Sveini Benediktssyni | " | 136.290.04 |
| | Kr. | 547.331.87 |
| ÷ Einkareikn. (debet) | | 500.- |
| ÷ mism. á deb. og kred.sjóðr. | | 178.16 |
| | Kr. | 546.653.71 |

B . Sparisjóðsreikn. við Útvegsbanka Íslands.

| | | |
|---|---|---|
| 1) Innborgað úr hlaupareikn.: | Kr. | 75.000.- |
| - " - | " | 35.000.- |
| | Kr. | 110.000.- |
| 2) Greitt skv. fylgiskjölum | Kr. | 110.036.99 |
| Mismunur útl. af A.P. | Kr. | 36.99 |

Rvík, 24. 5. A.P.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reikningsyfirlit pr. 19. apríl 1955.

## A. Hlaupareikningur í Útvegsb. Íslands:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1) Bankareikningur | debet. | 388.500.- | kredit. | 377.602.57 |
| 2.) Sjóðsreikningur | -„- | 169.729.30 | -„- | 169.551.14 |
| 3) Viðskmannareikn. | -„- | 546.653.71 | -„- | ø 0.00 |
| 4) Lánardrottnar | -„- | ø 0.00 | -„- | 386.290.04 |
| 5) Einkareikn. | -„- | 500.- | -„- | 171.939.26 |
| | | debet: 1.105.383.01 | | kredit: 1.105.383.01 |

a) Mismunur á debethlið og kredithlið bankareiknings er kr. 10.897.43, sem sýnir innistæðu í bankanum 19. apríl.

b) Skuld Bj. Ben. við útvegsbankann 19. apríl er kr. 239.102.57.

c) Samtals hefur byggingarkostn. 19. apríl orðið Kr. 546.653.71

Sá kostnaður hefur verið greiddur af þessum aðilum:

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Bjarni Benediktsson | kr. | 138.500.- |
| 2. | Útvegsbanki Íslands | " | 239.102.57 |
| 3. | Úr spsj. bók. nr. 11425 | " | 29.439.26 |
| 4. | -"- nr. 12414 | " | 4.000.- |
| 5. | Af Sveini Benediktssyni | " | 136.290.04 |
| | | | 547.331.87 |
| | ÷ Einkareikn. | | 500.- |
| | ÷ mism. á deb. og kred. sjóðsr. | | 178.16 |
| | | | 546.653.71 |

B. Sparisjóðsreikn. við Útvegsbanka Ísl.

| | | |
|---|---|---|
| 1) Innborgað úr hlaupareikn: | kr. | 75.000.- |
| -"- | " | 35.000.- |
| | | 110.000.- |
| 2) Greitt skv. fylgiskjölum | kr. | 110.036.99 |
| Mismunur útl. af ÁP. | " | 36.99 |

20 april 1955

ÁP.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu- og verzlunarmannafélag Akureyrar (ASÍ) (200)

Skrifstofu- og verzlunarmannafélag Suðurnesja (100)

Verzlunarmannafélag Árnessýslu (100) (ASÍ)

Verzlunarmannafélag Borgarness (50)

Verzlunarmannafélag Hafnarfjarðar (100)

(Verzlunarmannafélag Ísafjarðar)

Verzlunarmannafélag Neskaupstaðar

Verzlunarmannafélag Rangæinga (ASÍ) (40)

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur (1500)

Verzlunarmannafélag Seyðisfjarðar

Verzlunarmannafélag Siglufjarðar (ASI) (160)

(Verzlunarmannafélag Vestmannaeyja (ASÍ))

(Verzlunarmannafélag Akraness)

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Kvittun**

Rvk 28/10 1955

Bjarni Benediktsson dómsmálaráðherra

hefur í dag greitt félagsgjald 1955-56

fimmtíu kr.

og kvittast hér með fyrir. F.h. Vísindafélags Íslendinga

Kr. 50.00 Pétur Sigurðsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jónas Þorbergsson
fyrrv. útvarpsstjóri

Reykjavík 23. jan. 1955

Kæri ráðherra.

Ég þakka hjartanlega fyrir afmælis-kveðjuna. – Jafnframt óska ég að tjá yður sérstaklega og öðrum, sem hlut áttu að máli, þakkir mínar fyrir það, að ráðstafanir voru gerðar, til þess að létta af huga okkar hjóna kvíða um fjárhagslega framtíð okkar. – Mér er ljóst, að vel hefði getað farið á annan veg og ekki án fordæma, ef ekki hefði góðvild ráðið.

Með beztu árnaðaróskum

Jónas Þorbergsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Telephone
MUrray Hill 2-4390

Cable Address
WEBHOTEL

**HOTEL WEBSTER** FORTY WEST FORTY-FIFTH STREET

*New York 36, N. Y.*

3. jan. 1955

Góði vinur,

– þakka þitt skemmtilega bréf. Mér þykir mjög vænt um að orð mín um föður þinn glöddu þig.

Þessar fáu línur aðeins til að segja þér að mér er bæði ánægja og heiður að verða við óskum þinum um að skrást hér stofnandi hins fyrirhugaða bókmenntafélags og gerast þar fulltrúaráðsmaður.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

O r ð s e n d i n g
til ráðherranna og
Benjamíns Eiríkssonar, bankastjóra,
frá Eysteini Jónssyni.

Samkvæmt nýjustu upplýsingum er raforkuáætlun stjórnarinnar komin upp í um 392 millj. Samkvæmt lauslegri niðurröðun verkefna á næstu árum er augljóst, að verulegt fé vantar til framkvæmdanna.

Eftirfarandi tölur hafa verið nefndar fyrir næstu 5 ár:

| | | |
|---|---|---|
| 1956 | 24 | millj. |
| 1957 | 3o | - |
| 1958 | 2o | - |
| 1959 | 15,5 | - |
| 196o | 19 | - |

Þetta er það, sem vantar, þegar lánsloforð bankanna hafa verið tekin til greina.

Það er þó augljóst, að þessar tölur eru fremur of lágar en of háar, því að áreiðanlega verður að færa eitthvað af þeim framkvæmdum fram, sem ráðgerðar eru á síðari árum áætlunarinnar, en ekkert verður fært aftur á bak af framkvæmdunum; það er alveg augljóst.

Raforkumálastjóri hefur sagt mér, að hann telji, að hægt muni vera að taka á næstu 3 árum 25-3o millj. að láni í sambandi við vélakaupin en þó aðeins til stutts tíma, mesta lagi 7 ára.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Það verður að kryfja þetta mál til mergjar og koma þá eftirfarandi spurningar fram m.a.

1. Hvað verður hægt að fá mikið erlent lánsfé í áætlunina og hvernig mundi það skiptast á árin.

   Á að nota hrein exportlán eða kemur svissneska kreditin, sem Framkvæmdabankinn hefur ráð á til greina í þessu sambandi, eða sjá menn ný úrræði.

   Fá þarf íslenzku bankana til þess að fallast á, að erlendu lánin verði ekki dregin frá því lánsfé, sem þeir hafa lofað.

2. Gæti það ekki komið til mála að atvinnuleysistryggingarsjóðirnir, sem ættu að eflast mjög mikið á næstu árum ef sæmilegt atvinnuástand helzt, keyptu skuldabréf frá Raforkumálasjóði eða Framkvæmdabankanum vegna þessarar áætlunar?

3. Gæti Framkvæmdabankinn eitthvað látið til áætlunarinnar vegna kauptúna og kaupstaða, sem hlut eiga að máli?

4. Væri hægt að setja aukaframlag á fjárlög og er með nokkru móti hægt að komast hjá að gera það, ef ekki er hægt að treysta þeim úrræðum, sem að ofan eru nefnd eða önnur hliðstæð finnast, sem hægt er að treysta.

   Fyrir þessu þarf að gera sér grein nú áður en fjárlög eru afgreidd.

Með kveðju.

1o/11 1955.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 14. 11. 1955

Herra ráðherra Bjarni Benediktsson
Reykjavík.

Háttvirti kæri vinur.

Ykkur bræðrum kippir mjög í kynið til ykkar ágæta föður og föðurbræðra, Baldurs og Þórðar, sem allir voru mínir góðu vinir, mikilhæfir gáfumenn og sæmdarmenn í hvívetna. – Svo og ykkar virðulegu og góðu móður.
Þess sæmdarfólks mun ég ætíð minnast með þakklæti og virðingu enda sjaldgæft að mannkostum. Ef til vill veitist mér kostur að geta þess nánar í riti, síðar, þótt allt sé óvíst um það.

Þessar línur eru ritaðar til þess að þakka þér (ég vona að við segjum þú, eins og við gerðum í „gamla" daga)! fyrir alla vinsemd og heiður, sem

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þú hefur sýnt mér nú, í
tilefni af sjötugsafmælinu,
bæði með heillaskeyti á af-
mælinu og svo nú með ræðu
á samkomunni í Háskólanum.
Þótt, kannske, sé hægt að á-
saka mig fyrir annað fremur
en að ég sé framhleypinn og
hégómagjarn (ódrukkinn, skulum
við tala við!) þá get ég ekki
neitað því, að mér þykir gott
lof frá góðum mönnum.

Almenna bókafélagið, með
þig í broddi fylkingar, hefur
gert mér óvænta og mikla
sæmd, með þessari kynningu
á mér og sögum mínum.
Vona ég, og að þetta geti orðið
nokkur auglýsing fyrir
félagið, þar sem sam-
koman hefur heppnast vel
og fólk vildi koma og
hlusta á. —

Að lokum vil ég, af heil-
um huga, óska þess að
Sjálfstæðisflokkurinn fái
sem lengst notið þín, og
að frelsi, mannréttindi og
framfarir eflist.

Lyftið hátt merki Land-
varnarmannanna frá fyrsta
tug þessarar aldar, bræður
og vinir, og þá mun vel
fara.

Með einlægri kveðju, þakk-
læti og virðingu
þinn einlægur
Þorsteinn Jónsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

TÓMAS JÓNSSON

VÍÐIMEL 29
REYKJAVÍK, 6.9.55

Kæri vinur!

Hjá mér var Gunnar Bjarnason, sem fyrr á árum var einn besti kunningi minn, sá sem ég umgekkst einna mest á skólaárunum og reyndar oft síðan.
Hann sagði mér, svona í óspurðum fréttum, að hann væri einn 3já umsækjenda um skólastjórastöðu í Vélstjóraskólanum, og teldi sig hafa chance.
Hann bað mig einskis liðsinnis, en ég vona að ég spilli ekki fyrir honum, þó að ég taki fram, - er

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

luta; að mér hlýtur að þykja
vænt um hvern sóma, sem
Gunnari er sýndur.
Ég óska þér góðs bata, og
vænti þess að þú misvirðir
ekki við mig þessa fram-
talssemi, sem er að vísu
þeirri ólík mér, ef svo mætti
segja.
Þinn einl.
Tómas

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigurður Samúelsson
dr. med.

Kaupm.höfn, ~~Reykjavík,~~ 18. okt. 1955.

Herra
ráðherra Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

Því miður hittist svo illa á, að ég gat ekki náð af yður tali, áður en ég fór til Kaupm.hafnar, en ég þykist vita að Birgir Thorlacius, skrifstofustjóri, hafi sagt yður hvað okkur fór símleiðis á milli kvöldið áður en ég fór. —

Ég leyfi mér að ónáða yður bréflega, þar eð ég tel réttara að skýra yður frá sjónarmiðum mínum. — Kvöld það, sem prófessorsembættið var til umræðu í deildinni, og fundi lokið, var ég kallaður þangað, þar sem vitað var, að ég mundi fara til Kaupm.hafnar eftir nokkra daga til nokkra vikna dvalar. Sagði ég þá að ég mundi ekki treystast til að taka að mér kennslu í vetur og mundi fara fram á að eins árs fríi frá störfum til náms og undirbúnings, eins og verið hefði venja í deildinni með aðra prófessora. Sérstaklega lagði ég áherzlu á þetta, þar sem ég

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefði fyrirvaralaust orðið að taka að mér kennslustörfin síðastliðinn vetur. –

Mér var þá sagt að fjárhagserfiðleikar væru miklir í deildinni. Guðm. Magnússonar sjóðurinn væri tæmdur, eða það sem eftir hefði ~~verið~~ [verið] í honum væri, hefði verið veitt til hins verðandi professors í lífeðlisfræði; en einmitt úr þessum sjóði fengu próf. Jóhann heitinn Sæmundsson og Snorri Hallgrímsson ríflegan styrk. Einnig ~~væri~~ væri enn ekkert ákveðið um Rockefeller styrk, þar eð hann þyrfti að endast við nafn. –

Eftir að hafa fengið að vita þetta ásamt um umsóknina mína í stöðuna, fór ég að leita ráðfærna hjá kollegum um að leggja mig [af] þar umleitanir færu á þann veg, að Sigurður Sigurðsson ætlar að kenna munnlega lyflæknisfræði en Theodór Skúlason lyflæknisskoðanir (eða "klinik"). Þó var þessu ekki lofað nema fyrra semestrið.

Í lok nóvember kemur Snorri P. Snorrason læknir heim frá U.S.A, þar sem hann hefir dvalið eins árs skeið og fengið ágætan skóla, enda notið til þess styrk frá Bandaríkjastjórn. Veit ég, að hann er vel hæfur til

Sigurður Samúelsson
dr. med.

Reykjavík,

kennslunnar.

Það hittist svo á að kvöld eitt var ég í boði hjá Professor Eduard Busch, og hitti þar Dr. Weir, sem er læknir og forstjóri fyrir Rockefeller Foundation, Medical education. Hann taldi engan vafa á að ég gæti fengið styrk frá Rockefeller og sagðist bráðlega mundi skrifa til Kaupmannahafnar til mín þessu viðvíkjandi. — Ekki gat hann neitt um upphæð styrksins, en eftir öðrum heimildum er hann talinn í hæsta lagi 300 dollar á mánuði, ef fjölskylda er með, og fyrir þá upphæð mun ekki lífvænlegt í Bandaríkjunum. — Fyrir starf mitt sem "fungerandi" professor síðastliðinn vetur hlaut ég, sem viðbót við laun mín sem deildarlæknir, rúmlega eitt þúsund krónur um mánuðinn, svo að ef hægt væri að ráða til þessa starfs lækna deildarinnar ættu útgjöldin ekki að verða svo stórkostleg.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég veit ekki ennþá hve lengi ég mun verða hér í landi, en tel líklegt að ég komi einhverntíma í nóvember n.k.

Svo virðist sem hinum langvinna sjúkdómi konu minnar sé nú lokið. Var hún hitalaus síðustu vikurnar heima, og að mestu laus við verki. Hér hefir henni haldið jafnt og þétt áfram að batna. Er hún farin að klæðast og byrjuð að ganga dálítið um í herberginu. Liggur hún á Ríkisspítalanum á deild Próf. Busch. Vonast og til, að hún verði fær um að fara á hvíldarheimili eftir ca 1/2 mánuð. —

Með beztu kveðjum til yðar og frúar yðar. —

Sig. Samúelsson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Seyðisfirði 9. sept. 1955.

Herra dómsmálaráðherra
Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

Sæll og blessaður.

Eg þakka þér kærlega fyrir skeytið á afmælisdaginn minn, gladdi það mig innilega.

Mig langar nú til hér með að biðja þig bónar. Svo er mál með vexti að frænka mín, Bryndís Jónsdóttir, dóttir Jóns bróður míns, sem á heima við Silfurtún í námd við Reykjavík, langar til að fá keypta eina af íbúðum þeim í Bústaða - hverfinu, sem stendur víst til að verði úthlutaðar innanskamms.

Vildi eg nú biðja þig að hjálpa henni til að fá hana keypta, með því t.d. að fá Jóhann Hafstein til liðs við það.

Mér er kunnugt að Bryndís ætlar að koma á þinn fund í þessu efni, og skýrir hún þér þá nánar frá þessu. Bið eg þig taka vinsamlega á móti henni og liðsinna henni eftir því sem þú getur.

Með kærri kveðju.

Brynjólfur Sigurðsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

LÉGATION D'ISLANDE

124, BOULEVARD HAUSSMANN 8e PARIS

TÉL. LABORDE 81-54

ADR. TÉLÉGR. ISLEGATION

18. ágúst 1955.

Daily Telegraph, London, 18. ágúst 1955.

**A MOSCOW PROPHET**

*From Maj.-Gen. J. BUCKLEY*

**To the Editor of The Daily Telegraph**

Sir—Once again Lord Vansittart strives to bring our people down to earth, this time in an endeavour to stem the tide of complacency which is developing following Russia's new show of friendship.

Many of our disasters and costly wars might have been averted but for the incapability and dislike of the British people to face up to unpleasant facts. It is this unfortunate characteristic that to-day is largely influencing public opinion here in the profound belief that there can be nothing sinister in the latest moves of the Kremlin.

Forgotten are the constant and consistent repudiations and breaking of faith by Soviet politicians and diplomats since 1945 and the fact that their amiability and reasonableness at the various conferences were reserved for matters non-essential to foreign policy.

In 1930 Dmitry Z. Manuilsky declared in a speech to international students in Moscow that:

"War to the hilt between Communism and capitalism is inevitable. To-day, of course, we are not strong enough to attack. Our time will come in 20 to 30 years. To win we shall need the element of surprise. The bourgeoisie will have to be put to sleep. So we shall begin by launching the most spectacular peace movement on record. There will be electrifying overtures and unheard-of concessions. The capitalist countries, stupid and decadent, will rejoice to co-operate in their own destruction. They will leap at another chance to be friends. As soon as their guard is down, we shall smash them with our clenched fist."

Is it merely a coincidence that the big de-freezing movement should be launched in 1955, remembering that "our time will come in 20 or 30 years"? Yours faithfully,

London … J. BUCKLEY.

Kæri nafni,

Ég ~~man~~ veit ekki, hvort þú hefur nokkurntíma ~~rekið~~ séð þetta sítat. Það er að vísu ekki vel séð að nota það í tíli – en geyma mætti það.

Kærkveðja B.G.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vald. V. Snævarr
Völlum, Svarfaðardal

Völlum, 24. nóv. 1955

Menntamálaráðherra Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

Kæri herra.

Eg þakka margfaldlega fyrir hina hlýju kveðju, er þér senduð mér á gull - brúðkaupsdag minn 19. þ. m. Hún gladdi okkur hjónin á sérstakan og mjög þægilegan hátt.

Þá leyfi eg mér einnig að þakka yður fyrir samveruna á Möðruvöllum og Akureyri í haust. Það var allt með glæsibrag.

Eg vona og óska, að yður gefist þrek og þróttur til að standa í harðri baráttu fyrir heill og hamingju föðurlandsins her eftir sem hingað til.

Virðingarfyllst:

Vald. V. Snævarr

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Landssíminn

SÍMSKEYTI

Eyðublað nr. 1 d.

PÓSTUR OG SÍMI

-- MENNTAMALARADHERRA

BJARNI BENEDIKTSSON REYKJAVIK

Móttekið

SEP 12 10 20 '55

Athugasemdir símaþjóna

88

LANDSSÍMI ÍSLANDS

Símanúmer ritsímans:
6411: Varðstjórinn, fyrirspurnum um símskeyti svarað.

Símanúmer ritsímans:
1020: Afgreiðslan, tekið á móti símskeytum.

DALVIK 88/91 23/22 12 1745 -

Mótt. af

Sh.

-- ÞÖKKUM HLYJAR KVEDJUR YDAR FLUTTAR OSS AF ALÞINGISMANNI MAGNUSI JONSSYNI A VIGSLUDEGI SKOLA VORS --

F H SKOLANEFNDAR STEFAN SNÆVARR --

12542000h.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Menntaskólinn á Akureyri

—

Akureyri, 2/1/56

Kæri frændi!

Ég byrja á því að óska þér góðs árs og þakka liðna árið.

Þá þakka ég ykkur hjónum góðar óskir á fimmtugsafmæli mínu. Og síðast, en ekki sízt þakka ég þér komuna norður í haust og alla vinsemd í skólans garð í því sambandi.

Sæmilega gengur með Halldór frænda vorn. Þetta er elskulegur drengur, en ekki sterkur. Einu sinni hefir hann orðið brotlegur um neyzlu áfengis og fengið umvöndun. Samt held ég, að enn geti talizt gott með okkur, og vona ég, að svo verði sem lengst.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2/

Menntaskólinn á Akureyri

Almenna bókafélagið fer vel af stað hér á Akureyri. Félagar orðnir á fimmta hundrað. Held ég, að bókunnar líki all-sæmilega. Myndabókin hefir flogið út. Nýlega var maður að lýsa ánægju sinni yfir litla kverinu, sem dr. Broddi þýddi. Gæti ekki komið til mála að gefa út einskonar „seríu" af klassiskum heimspekiritum? Slíkar bækur flytja venjulega hófsaman og hollan boðskap og gætu verið gott mótvægi gegn áróðurskenndum dægurflugum. Auk þess er það varla vansalaust, að ýmsar slíkar perlur heimsbókmenntanna skuli ekki vera til á íslenzku. Dettur mér t. d. í hug Les Essais eftir Montaigne,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3/

Menntaskólinn á Akureyri

Akureyri,

sem ýmsir Frakkar telja merkasta bók á frakknesku. Hægt myndi að fá Símon Jóh. til að þýða hana. Hann flutti ekki alls fyrir löngu ágætt útvarpserindi um Montaigne, svo að hann er heima í efninu. Ég skýt þessu nú svona fram til athugunar. Aðalvandinn verður að finna bækur, sem menningarlegur vinningur er að, því að með því helgar félagið tilverurétt sinn og skapar sér myndugleik. Orðlengi ég þetta svo ekki frekar að sinni.

Að síðustu endurtek ég þakkir mínar og óska þér og þínum alls hins bezta.

þinn frændi

Þórarinn Björnsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sjálfstæðisflokkurinn heldur fund í alþingishúsinu

miðvikudag 23. mars 1955 kl. 5 e.h.

X Bjarni Benediktsson,

X Björn Ólafsson,

X Einar Ingimundarson,

X Gísli Jónsson,

X ~~Gunnar Thoroddsen~~, Kristín Sigð. · getur ekki mætt

X Ingólfur Flygenring,

X Ingólfur Jónsson,

X Jóhann Hafstein,

X Jóhann Jósefsson,

X Jón Kjartansson,

X Jón Pálmason,

X Jón Sigurðsson,

X Jónas Rafnar,

X Kjartan J. Jóhannsson,

X Lárus Jóhannesson,

X Magnús Jónsson,

Ólafur Thors,

Pétur Ottesen, ekki í bænum

X Sigurður Ágústsson,

X Sigurður Bjarnason,

Sigurður Ó. Ólafsson. ekki í bænum

~~[illegible]~~

B. Ben

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ólafsfirði,lo.jan.1955.

Hr.menntamálaráðherra,Bjarni Benidiktsson.

Þakka skeyti yðar á 6o ára afmæli barnaskólans í Ólafsfirði.

Virðingarfyllst

Sigursteinn Magnússon.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Frá*

*Fjármálaráðuneytinu.*

**Tillögur,**

**sem launalaganefnd hefur á prjónunum til úrbóta á launum barnakennara:**

1. Að barnakennarar færist úr X. í IX. launafl. eftir 10 ára starf. Rök: Ungu kennararnir eiga yfirleitt hægara með að afla aukatekna en hinir eldri. Yfirleitt margir hverjir þessara manna einhleypir eða með litla fjölskyldu.

2. Af þessari breytingu leiðir, að nefndin mun gera tillögu um, að skólastjórar við barnaskóla þar sem eru 1 - 5 kennarar verði hækkaðir um einn launafl. Settir í sama og skólastjórar við skóla með 5 - 10 kennara.

3. Árslaun kennara eru miðuð við 9 mánaða starf. Sé starfstími skemmri er samkv. núgildandi launalögum dreginn frá heildarlaunum 1/9 fyrir hvern mánuð, sem starfstíminn er skemmri.

   Nefndin mun leggja til, að orðið verði við þeim óskum kennaranna að frádrátturinn verði 1/12 fyrir hvern mánuð,

   Þetta nemur miðað við núverandi laun 1.2oo kr. hjá kennara á hámarkslaunum f. hvern mánuð sem kennslutíminn styttist frá 9 má[n]
   Þetta snertir flesta barnakennara úti á landi og gagnfræðaskólakennara.

4. Í núgildandi launalögum hækka laun barnakennara í hámark á 6 árum. Nefndin mun leggja til, að þessi tími verði styttur þannig, að launin hækki á 4 árum. Þessi kjarabót mun snerta á annað hundrað kennara.

5. Miklar líkur eru til, að nefndin geri tillögu um, að í launalög verði tekin heimild til að greiða þeim skólastjórum aukaþóknun, sem stjórna tví- eða þrísettum skólum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Loks hefur þeirri tillögu verið hreift í nefndinni að heimila skólastjórum við stærri barnaskóla að velja úr hópi kennaranna þá, sem hann teldi hæfasta til þess að aðstoða skólastjóra við undirbúning skólastarfsins sem unnin væri utan venjulegs starfstíma skólanna, gegn hálfs mánaðar launum. Er þá væntanlega til þess ætlast, að menntamálaráðherra setji um þetta nánari reglur.

Við teljum mjög varhugavert þar sem frv. til launalaga er í smíðum og ný launalög öðlast væntanlega gildi um næstu áramót, að kjör einstakra starfsmannahópa verði bætt með bráðabirgðaráðstöfunum eins og sakir standa. Ef það á hinn bóginn telst óhjákvæmilegt að bæta kjör barnakennara teljum við heppilegast að það verði gert eftir einhverri af þeim leiðum er að framan greinir undir tölulið 1 - 6.

6/5 '55

S.Kl. G.Br.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Algert trúnaðarmál.

## Áætlun

um hækkun ríkisútgjalda 1956, ef grunnkaup hækkar um 10% og vísitöluskerðing verður afnumin.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 10% hækkun launa ...................... | ca. | 18 | millj. |
| Afnám skerðingar........................ | ca. | 6,4 | " |
| 10% hækkun tryggingarútgjalda........... | ca. | 4,4 | " |
| 5% hækkun á vegaviðhaldi............... | | 1,2 | " |
| Sjúkrakostn. utan ríkisspítala, fæðiskostn. skipum og spítölum - framreiknað | | 1,5 | " |
| Kr. | | 31,5 | " |
| Umtöluð ný löggjöf ekki minna en | | 9,0 | " |
| | | 40,5 | millj. |

Auk þess fjölmargir aðrir smærri liðir, sem draga sig mjög saman, þegar til kemur, og mjög stórir framkvæmdaliðir, sem koma dálítið á eftir.

Þá hækka ríkisútgjöldin um a.m.k. 1.200 þús. vegna hvers stigs, sem vísitala hækkar, og hún hlýtur að hækka á þessu ári, ef kaup hækkar.

Þá hækka raforkuplön stjórnarinnar.

Þá telja menn engar horfur á, að komist verði af með 10% hækkun á laun opinberra starfsmanna verði þróunin þessi (sbr. kröfur þær, sem nú eru uppi).

Tekjuskattur gæti hækkað um 5% - 7% eða svo við svona þróun, 3,5 - 4 millj. og söluskattur örlítið t.d. 2-3 millj.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Niðurgreiðslur:**

Stigið í smjöri kostar .................. 6,2 millj.
" " smjörlíki ....................... 4,7 "
" " kjöti ........................... 4,0 "
(þ.e.a.s. núna, en mun meira þegar ný aukning kemur af dilkakjöti, sem verður í haust.)
" " saltfiski........................ 2,3 "
" " mjólk ........................... 5,2 "

**Tekjuáætlun nú.**

Tekjur á rekstrarreikningi eru áætlaðar 513,8 millj., en urðu 1954 sem næst 540 millj. "Margin" sem næst 5% . Umframgreiðslur aðeins einu sinni undir 7%. Aleiðingar hækkana mundu éta alla "Margin" og þá ekkert fyrir öllum venjulegum umframgreiðslum, nema svo ólíklega vilji til að tekjur verði ennþá meiri en 1954, en á því eru engar horfur.

E.J.

21/3 1955

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jóhannes Óli

veikinningsbekkinn

Jón Pálsson

askjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ákveðið hefir verið að vígsla hins nýja barnaskólahúss í Hnífsdal fari fram föstudaginn 8. apríl næstkomandi (föstudaginn langa). Þá um leið fer einnig fram vígsla á kapellu fyrir Hnífsdalssókn.

Í tilefni af vígslu barnaskólans, þætti okkur mjög vænt um, ef þér sæjuð yður fært að heiðra okkur með nærveru yðar.

Hnífsdal, 21. marz 1955

F/h hreppsnefndar Eyrarhrepps og
skólanefndar Hnífsdalsskólahverfis

Einar Steindórsson
(oddviti)

Hr. menntamálaráðherra

Bjarni Benediktsson
Blönduhlíð 35
Reykjavík

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

E N D U R R I T

úr

S A K A D Ó M S B Ó K   R E Y K J A V Í K U R

--oo0oo--

Ár 1955, þriðjudaginn 22. mars, var sakadómur Reykjavíkur settur í skrifstofu dómsins og haldinn af Valdimar Stefánssyni, sakadómara, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

Að halda áfram rannsókn framangreinds máls.

. . . . . . . . . . . . .

Mættur er sem vitni Jón Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi, Nýjabæ á Seltjarnarnesi, 56 ára. Áminntur um sannsögli.

Hann er meðeigandi að endurskoðunarskrifstofu N.Manscher &

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Co hér í bænum, og hefir starfað í þeirri skrifstofu síðan hún var stofnuð árið 1937. Skrifstofan hefir haft með höndum endurskoðun á bókhaldi Ragnars Blöndal h/f frá stofnun þess félags og einnig á bókhaldi verslunar Ragnars Blöndals, sem var fyrirrennari hlutafélagsins. Bókhald hlutafélagsins árið 1953 og síðan hefir verið fært í endurskoðunarskrifstofunni. Vitnið fullyrðir, að Hermann Jónasson, fyrrverandi ráðherra, hafi aldrei, sér vitanlega, verið við nefnd fyrirtæki riðinn og að hann hafi aldrei verið bókfærður sem eigandi að neinum hluta í þeim eða hlotið neinar tekjur frá þeim.

Vitnið hefir ekki í höndum fullkominn lista yfir skuldheimtumenn félagsins, en telur, að hrl. Ólafur Þorgrímsson muni helst hafa þann lista.

Upplesið, staðfest.

Aðspurður skýrir vitnið svo frá, að hann hafi ekki vitað annað en að bókhald Ragnars Blöndal h.f. væri í samræmi við hag félagsins, þar til nú eftir áramótin, að í ljós kom, að framkvæmdarstjórinn hafði haldið einhverjum skuldaskilríkjum utan við bókhaldið og leynt vitnið þeim. Vitnið veit ekki hve háum upphæðum þessi skilríki nema, en þær munu vera talsvert háar. Skattstofan í Reykjavík hefir fyrir fáum dögum fengið í sínar hendur allt bókhald fyrirtækisins frá vitninu.

Bókhald fyrirtækisins er ekki fært til enda og hefir vitnið farið fram á það við skattstofuna að fá það afrit, sem fyrst til að geta lokið því.

Upplesið, staðfest.

Dómari kvað þá upp svofelldan

<u>úrskurð:</u>

Þar sem fram er komin umsögn endurskoðanda verzlunar-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrirtækisins Ragnar Blöndal h.f. um að bókhaldsgögn þau, sem hann fékk í hendur frá félaginu, hafi ekki verið í samræmi við raunverulegan hag félagsins heldur hafi ýmsum skuldaskilríkjum verið haldið utan við bókhaldið, þykir rétt, að dómurinn táki allt bókhald og bókhaldsgögn Ragnars Blöndal h.f. í sínar vörzlur. Leita má að bókhaldsgögnum þessum þar sem þau eru talin vera og leita má í hirzlum.

Því úrskurðast:

Dómurinn tekur allt bókhald og bókhaldsgögn Ragnars Blöndal h.f. í sínar vörzlur. Leita má að gögnum þessum þar sem þau eru talin vera og leita má í hirzlum.

Valdimar Stefánsson

Úrskurðurinn var lesinn í dóminum í heyranda hljóði

Sakadómi slitið kl. 1155.

Valdimar Stefánsson

Vottar:

Aðalsteinn Guðlaugsson

Sv. Sæmundsson

Rétt endurrit staðfestir.

Skrifstofu sakadómarans í Reykjavík, 22. marz 1955.

SAKADÓMARINN Í REYKJAVÍK

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

REYKJAVIK
1955
5 - IX
14 - 15




比

亞

納

先

生

Hr.

Bjarni Benediktsson, dómsmálaráðh.

Arnarhvoli

R.

kaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavikur

光臨

fn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

謹訂於一九五五年九月六日下
午五時在蒂亞那飯店舉行酒會敬
請

中國青年訪冰代表團

*Kínverska*
*æskulýðssendinefndin*
*biður yður að*
*gera sér*
*þann heiður*
*að taka*
*þátt í*
*kveðjuhófi*
*í Tjarnarcafé,*
*þriðjudaginn*
*6. september*
*1955*
*kl. 5—7*
*síðdegis.*

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ólafsvík 1.3 1955

Herra Ráðherra.
Bjarni Benediktsson
Kæri vin.
Jeg verð að byrja á því, að biðja þig að afsaka að jeg fer að ónáða þig.
Fyrst spyr jeg þig í vinsemd hvort þú ert nokkuð ráðandi í eða við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, og ef svo væri, þá gjörist jeg svo frekur, að biðja þig að reyna ef nokkur kostur væri að útvega mjer lán 25-30 þúsund.
Svo er mál með vexti að Aðalheiður dóttir mín gjörðist á að byggja húskofa í Fjallhaga 7 í Reykjavík. sem er nú að mestu klár, en hún var svo óheppin að henni brást 72 þús króna lán úr Lífeyrissjóði Ríkis og Bæjar, svo nú standa

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2.

Sakir þannig að búast má
við að þinn verði að missa
bæðina annara leið af húsi
er fullklárt. og það er okkur
báðum ofaust sagt til ama.
Jeg mundi heldt ef til kæmi
vilja tryggja þessa uppkot
með húsi mínu hjer með
fyrsta rjetti því fylgir geisi
stór lóð á besta stað í hinum
stór vaxandi kauptúni
Annars gæti komið til
mála. góð ábyrgð. eða veð
í hvað Aðalheiðar -
En þó mjer sje nú kappo-
mál að sigra. því spapið er
óbreytt. þá tekk jeg því fram
við þig gerðu ekkjert sem
þú hefir óþægindi af -
Fyrirgefðu mjer þessa
frekju
Jeg óska þjer góðs og gengis
og hvað þig minnir bestu kveðju
þinn einl. -
Sleimunsjónsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur